



Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019	BRÁK2BA05	
Höfundur: GV		
Samþykkt: MF		
Síða 1 af 2		

Búið til – útg.	21.6.2023 – 1. útgáfa
Námsgrein	Bridge og skák
Titill	Bridge og skák - byrjunaráfangi
Skammstöfun	BRÁK2BA05
Viðfangsefni	Bridge og skák
Staða áfanga	
Prep áfanga	2
Einingafjöldi áfanga	5
Lýsing bridge	<p>Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur séu færir um að skilja grunnþætti spilsins sem eru úrspil, spilamat, sagnkerfi og skor.</p> <p>Úrspil er að spila úr spilunum.</p> <p>Spilamat er að meta styrk spilanna sem spilari fær í hendur (punktar).</p> <p>Skor er hvernig úrslit spilsins metast hjá hverju pari.</p> <p>Sagnkerfi er hvernig parið semur um hvaða samning á að spila. Nemendur byrja á að spila, tvö pör við hvert borð, læra undirstöður úrspils, trompsamningur eða grandsamningur, að trompa og svína. Í framhaldi verður tekið upp svokallað Minibridge þar sem nemendur kynnast öllum grunnþáttunum nema sagnkerfi.</p> <p>Eftir það kemur svo að sagnkerfinu. Sagnkerfið sem notað verður heitir Standard, vinsælasta kerfið á Íslandi.</p> <p>Kennslustundir verða fyrst og fremst æfingar þar sem nemendur spila, smá fræðslu fléttað inn í.</p> <p>Þegar á líður munu nemendur fara á nýliðakvöld hjá Bridgesambandi Íslands. Einnig er á dagskrá að hafa mót þar sem nemendur úr öðrum skólum etja kappi.</p> <p>Einnig verður netið notað, þar er um að ræða bridgeforrit sem heitir BridgeBase.</p>
Forkröfur áfanga	Engar
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • grunnreglum spilsins • standard-sagnkerfinu • minibridge • hegðunarreglum • notkun sagnbakka • bridgeforritum á netinu

Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 2 af 2	BRÁK2BA05	

Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> meta styrk spilahandar (spilamat) gera áætlun um hvernig spilað verður úr spili (úrspil) vinna með spilafélaga (samvinna við makker) reikna útreikninga
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> sýna samvinnu gera áætlun vinna skipulega í útspili
Lýsing skák	Byrjendakennsla í skák. Farið í grunnatriði manntafls svo sem mannganginn, styrkleika mannanna, skákreglur og hvernig skák getur lokið með sigri, tapi eða jafntefli. Farið yfir sögu skákarinnar heimsmeistara og íslenska stórmeistara.
Forkröfur áfanga	Engar
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> uppstillingu og gangi taflmannanna hvernig skákir geta endað á sex mismunandi vegu ýmsum aðferðum við að máta andstæðinginn styrkleika mannanna algengustu skákbyrjunum mikilvægi miðborðsins grunnatriði í endatafli fléttum og taktík til að ná fram ávinningi
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> máta andstæðinginn sýna þolinmæði og forðast afleiki skrifa skákir að tefla eftir áætlun, strategíu
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> tefla sér til ánægju tefla agað og ná einbeitingu við skákborðið sýna andstæðingnum virðingu og fara að reglum
Námsmat	Námsmat áfangans er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá